

Efni: Minnisblað um stöðu vinnutímastyttingar og næstu skref

Að ósk bæjarráðs er eftirfarandi minnisblað tekið saman um stöðu vinnutímastyttingar dagvinnufólks og næstu skref. Ljóst er að um er að ræða þróunarverkefni um frekari útfærslur sem þegar hefur hafist á vinnustöðum sveitarfélagsins. Lagt er til við bæjarráð að fyrirkomulag vinnutímastyttingar, eins og það var samþykkt í bæjarráði þann 7. janúar sl., verði látið halda sér til 1. júní næstkomandi. Fyrir 1. júní liggja fyrir tillögur vinnustaða um vinnutímatilhögun, ásamt mati stjórnenda á þeim.

Bókunin frá 7. janúar 2021: *Bæjarráð samþykkir meðfylgjandi tillögur vinnustaða að útfærslu vinnutímastyttingar og gildir ákvörðunin til 1. apríl næstkomandi. Reynslan af fyrirkomulaginu skal metin á þessum þremur mánuðum og koma til umfjöllunar í bæjarráði fyrir 1. apríl. Bæjarráð brýnir það fyrir starfsfólki að breytingarnar eiga ekki að skerða þjónustu sveitarfélagsins eða valda auknum kostnaði. Það er því mikilvægt að starfsfólk gæti að því við framkvæmd vinnutímastyttingar að samráð sé haft milli sviða, deilda og samstarfsfólks þannig að starfsemin fari fram eins og best verður á kosið, m.a. með tilliti til samspils starfsemi deilda sveitarfélagsins.*

Næstu skref

Samkvæmt kjarasamningum er markmið styttingar vinnutímans að bæta lífskjör og auðvelda samræmi á milli vinnu og einkalífs með gagnkvæmum sveigjanleika, bæta vinnustaðamenningu og auka skilvirkni og þjónustu. Ef vel er að verkefninu staðið felast í því fjölmörg tækifæri til þróunar á vinnufyrirkomulagi á vinnustöðum sveitarfélagsins, sem geta leitt til aukinnar starfsánægju, jafnara álags, betri nýtingu á vinnutíma og aukin sveigjanleika. Að mati mannauðsteymis er of snemmt að meta árangur breytinganna hjá Svf. Árborg enda varla kominn nema 2ja mánaða reynslutími (tók almennt ekki gildi fyrr en um miðjan janúar). Því er lagt til að framlengja reynslutíma verkefnisins til loka maí mánaðar (6 mánaða reynslutími).

Ýmis teikn eru á lofti að ekki hafi allt gengið eins og til var ætlast í upphafi. Ekki hefur náðst fullnægjandi samræming milli deilda til að tryggja að þjónusta stoðdeilda við innri starfsemi haldist óskert. Efasemdir eru uppi um að full stytting vinnudags stuðli að heilbrigði starfsfólks og góðri vinnustaðamenningu, enda gefst varla tími til að nærast og enginn tími til að hlaða batteríin, þá rúmu 7 tíma sem vinnudagurinn stendur. Ákveðin hætta er því á að full stytting geti þýtt erfiðara starfsumhverfi og verið streituvaldandi, t.d. á leikskólum þar sem álag er mikið. Ef ekki er nægjanlegt svigrúm til mannlegra þarfa þá er hætta á að virkur vinnutími sé ekki virtur og slíkt má ekki henda. Hugsanlegt er að stíga þurfi skref tilbaka á einhverjum vinnustöðum sem tóku upp fulla styttingu vinnuvikunnar.

Samanburður á milli vinnustaða hefur í einhverjum tilfellum leitt til neikvæðrar umræðu, en þar sem aðstæður eru ólíkar á vinnustöðum verður aldrei hægt að hafa sömu útfærslu hjá öllum. Samanburður milli sveitarfélaga hefur einnig leitt til gagnrýni en þar hefur nálgun verið mjög ólík og í sumum sveitarfélögum hafa útfærslur leitt til þjónustuskerðinga eða uppsöfnunar frídaga, sem er í andstöðu við markmið kjarasamninga.

Í ljósi ofangreinds er ákaflega mikilvægt fá betri greiningu á áskorunum sem við blasa. Meta þarf áhrif útfærslna á hag og heilsu starfsfólks og hagsmuni sveitarfélagsins. Taka þarf aftur samtal á vinnustöðum með lýðræðislegum hætti þannig að starfsfólk og vinnuveitandi beri saman ábyrgð á að vel takist til og traust ríki um niðurstöður milli allra aðila og ólíkra vinnustaða.

Frekara mat á útfærslum verður á unnið á næstu mánuðum, m.a. með á könnun meðal starfsmanna og stjórnenda á framgangi verkefnisins, auk leiðsagnar fyrir stjórnendum. Þegar er ljóst að það þarf að kalla sumar vinnutímanefndir aftur til starfa sem fyrst til að endurmeta útfærsluna með tilliti til athugasemda frá stjórnendum, starfsmönnum og þjónustuþegum. Þetta á t.d. við um vinnutímanefnd ráðhússins vegna fjármálasviðs og stjórnsýslusviðs, leikskóla, Árblik, Vinaminni og VISS.

Staða og framkvæmd vinnutímastyttingar dagvinnufólks í mars 2021

Vinnustaður	13 mín stytting	13 mín stytting + sala á hluta af kaffitíma	13 mín stytting + sala kaffitímum	13 mín stytting + sala kaffitímum & niðurf.á matartíma
Austurvegur 67, skrifstofa			x	
Álfheimar			x	
Álftarimi, dagvinnu starfsmenn			x	
Árblik	x			
Árbær			x	
BES, starfsmenn		x		
BES, stuðningsfulltrúar		x		
Bifröst			x	
Bókasafn			x	
Brimver/Æskukot			x	
Félagsmiðstöð	x			
Frístundaklúbbur	x			
Grænumörk	x			
Hólar frístund			x	
Hulduheimar			x	
Jötunheimar			x	
Ráðhús, fjármála- og stjórnsýsluvið				x
Ráðhús, fjölsk.svið- og mannauðsd.			x	
Selfossveitur			x	
Stjörnusteinar			x	
Sunnulækjarskóli, starfsmenn		x		
Sunnulækjarskóli, matráðar			x	
Sunnulækjarskóli, stuðningsfulltrúar		x		
Sunnulækjarskóli, stuðningsfulltrúar				
Ungmennahús & Lengd viðvera fyrir fatl. framhl.	x			
Vallaskóli, matráðar				
Vallaskóli, starfsmenn				
Vallaskóli, stuðningsfulltrúar				
Vinaminni	x			
Víss	x			
Þjónustmiðstöð A67			x	
Þroskaþjálfar í grunnskólum			x	

Í kjarasamningum árin 2019 og 2020 var samið um styttingu vinnuvikunnar um 65 mín. (13 mín á dag), frá og með 1. janúar 2021. Þá er heimilt með sérstöku samkomulagi á vinnustöðum að stytta vinnuvikuna um allt að 4 tíma en við það fellur grein 3.2 í kjarasamningum um matar og kaffitíma starfsfólks niður. Útfærslur á styttingu eiga hvorki að fela í sér skerðingu á þjónustu né kostnaðarauka fyrir sveitarfélög. Í samræmi við leiðbeiningar samningsaðila um framkvæmd vinnutímastyttingar voru starfræktar vinnutímanefndir á öllum vinnustöðum sveitarfélagsins, sem hófu störf í október 2020. Vinnutímanefndir skiluðu af sér tillögum að útfærslu vinnutímastyttingar fyrir sinn vinnustað, í nóvember og desember 2020, sem starfsmenn kusu um, sem þróunarverkefni til 3ja mánaða (jan. – mars 2021). Í meðfylgjandi töflu má sjá yfirlit yfir niðurstöðu kosninganna um vinnutímaútfærslur á einstökum vinnustöðum.

Vinnutímanefndir sveitarfélagsins skiluðu 32 tillögum af sér til kosninga sem framkvæmdar voru rafrænt. Í framhaldi voru allar tillögur vinnutímanefnda samþykktar af bæjarráði í janúar 2021, án breytinga. Ljóst var í upphafi að verkefnið um styttingu vinnutímans er ekki einfalt verkefni og því fylgja ýmsar áskoranir fyrir stofnanir sveitarfélagsins, sérstaklega í ljósi þess að ekki var samið um kostnaðarauka vegna breytinganna og leiðbeiningar

um innleiðingu vinnutímastyttingar lágu ekki fyrir fyrr en í október 2020. Þá voru breytingar á tímaskráningarkerfinu Vinnustund ekki klárar fyrr en um miðjan janúar 2021.

Mannauðsteymi sveitarfélagsins starfaði með öllum vinnutímanefndunum og nýtti tæknina og fjarfundabúnað til hins ýtrasta við að framfylgja vinnunni. Hlutverk vinnutímanefnda var m.a. að stýra umræðum á sínum vinnustað um hvernig mætti nýta vinnutímann betur og með hvaða hætti væri hægt að útfæra vinnutímastyttingu án skerðingar á þjónustu og kostnaðarauka. Gert var ráð fyrir ákveðnu vinnulagi vinnutímanefnda af samningsaðilum, sem gekk misvel að framfylgja vegna Covid 19. Engu að síður voru úrbótasamtöl tekin á öllum vinnustöðum sveitarfélagsins. Frá því þessi vinna hófst hafa farið fram um 200 fjarfundir sem mannauðsteymið hefur tekið þátt í, ýmist með vinnutímanefndum vinnustað eða innleiðingahópi Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Í janúar 2021 tók það samkomulag gildi sem fékk flest atkvæði á vinnustöðum sveitarfélagsins. Í febrúar 2021 var framkvæmd könnun á meginmarkmiðum vinnutímastyttingar, sem er fyrsta af nokkrum fyrirhuguðum könnunum á upplifun starfsmanna á áhrifum vinnutímastyttingar. Meginniðurstöður þessarar fyrstu könnunnar eru að starfsmenn finna ennþá fyrir takmörkuðum áhrifum vinnutímastyttingar og hafa almennt ekki ennþá myndað sér skoðun á því hvort þeir vilji breyta útfærslu vinnutímastyttingar á sínum vinnustað.

Nokkir vinnustaðir hafa nú þegar breytt útfærslunni á vinnutímastyttingu í samræmi við þarfir vinnustaðarins, enda lagt upp með að á reynslutíma verkefnisins gætu einstakar útfærslur tekið breytingum. Þetta á m.a. við um starfsmenn mötuneytis Sunnulækjaskóla og stuðningsfulltrúa í Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri. Þá hafa komið fram kvartanir frá leikskólum um að þröngur fjárhagsrammi standi í vegi fyrir framgangi verkefnisins. Þ.e. ekki er hægt að framkvæma ýrustu styttingu án aukins fjármagns til rekstursins eða þjónustuskerðingar.